Ásdís R. Magnúsdóttir

Franskt ævintýri í íslenskum fötum

Um þýðingu Hannesar Finnssonar biskups á „La Belle et la Bête“ eftir Madame Leprince de Beaumont

1

Þýðingarsaga franskra bókmennta á íslensku er bæði löng og forvitnileg. Hún teygir sig aftur til 12. og 13. aldar, þegar ljóðsögur um riddara nutu vinsælda víða um lönd, og í dag eru franskar samtímabókmenntir og eldri verk árlega á útgáfulista íslenskra bókaforlaga. Þegar horft er til liðinna alda kemur í ljós að eftir ákveðið blómaskeið í þýðingum á 13. öld, sem oftast er tengt við norsku konungshirðina, þegar talsverðum fjölda franskra bókmenntaverka var snúið á norræna tungu, var lítið þýtt úr frönsku á íslensku um margra alda skeið. Það kemur m.a. fram í skrá Þórhalls Þorgilssonar frá árinu 1954 yfir þýðingar úr frönsku sem sýnir jafnframt að þýðingar á frönskum bókmenntaverkum færðust í aukana á síðari hluti 19. aldar, hvort sem þýtt var beint úr frönsku eða úr millimáli.[1] Margir fræðimenn hafa beint sjónum sínum að norrænum miðaldaþýðingum en fáar rannsóknir hafa verið gerðar á síðari alda þýðingum úr frönsku, þýðingarsögu og viðtökum franskra bókmennta á Íslandi og áhrifum þeirra á íslenska menningu og bók-

[1] Hér er einkum stuðst við samantekt Þórhalls Þorgilssonar, *Drög að skrá um ritverk á íslenzku að fornu og nýju af latneskum og rómönskum uppruna. I. Frakkland*, Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1954. Sjá líka gott yfirlit Pálma Jóhannessonar, sem unnið er á vegum Sendiráðs Frakklands á Íslandi og uppfært reglulega: *Heildarlisti yfir þýðingar úr frönsku (Une liste complète des traductions du français en islandais)*, sótt 6. nóvember 2019 af http://kistill.eu/ambassade/traductions/yfirlit.html.

Ritið
3. tbl. 19. árg. 2019 (229–260)
Ritrýnd grein

© 2019 *Ritið*, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum http://www.ritid.hi.is.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.19.3.10
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

menntir.[2] Hvað veldur því að eitt verk er þýtt en ekki annað? Hvernig er þýtt og hvers vegna? Hvernig eru viðtökur verksins? Ýmsum spurningum þýðingarsögunnar er erfitt að svara, einkum þegar litið er til liðins tíma. Stundum er það þó menningarlegt vægi textans, s.s. Biblíunnar og Hómerskviða, sem skýrir val á verkum til þýðingar, í öðrum tilvikum frægð og vinsældir ákveðinna höfunda og bókmenntaverka. Einnig má ætla að ásetningur eða smekkur þýðanda geti haft nokkuð um það að segja hvað þýtt er og hvernig. Þessi grein er framlag til þýðingarsögu franskra bókmennta á Íslandi á því langa tímabili þegar Íslendingar voru iðnir við að skrifa upp í handritum gamlar norrænar þýðingar á frönskum verkum, yrkja rímur og kvæði eftir sumum þeirra og sækja þangað innblástur í önnur verk, en þýddu sáralítið af erlendum veraldlegum bókmenntum. Af þýðingum beint úr frönsku á íslensku á þessu langa tímabili má nefna söguna *Sélico: Nouvelle Africaine* eftir Jean-Pierre Claris de Florian, sem kom út í Frakklandi árið 1792, og var þýdd úr frönsku af Hallgrími Scheving, kennara við Bessastaðaskóla og yfirkennara við Lærða skólann og birtist fyrst undir heitinu „Selikó (Afrikanisk frásaga)“ í öðrum árgangi tímaritsins *Margvíslegt gaman og alvara* árið 1818.[3] Nokkru fyrr, eða í lok 18. aldar var einnig gefin út einkar forvitnileg íslensk þýðing á frönsku ævintýri sem hér verður staldrað við: það er þýðing Hannesar Finnssonar, biskups í Skálholti, á „La Belle et la Bête“ (Fríða og dýrið) eftir franska rithöfundinn Madame Leprince de Beaumont. Fjallað verður um helstu einkenni þýðingarinnar með hliðsjón af franskri útgáfu frá 1758 og danskri þýðingu verksins frá 1763–1764. Þýðing Hannesar hefur ekki verið endurútgefin óstytt frá því að hún kom fyrst út og fylgir hún því með greininni með nútímastafsetningu en að öðru leyti óbreytt.

[2] Greinarhöfundur vinnur að rannsóknum á þýðingarsögu og viðtökum franskra bókmennta á Íslandi. Sjá einnig grein Matthews James Driscoll, „The French connection: Some Icelandic translations of French literature in manuscript and print, ca. 1400-1900“, *Tabularia* [Online], Sagas: manuscripts, transmission and the writing of history, Online since 08 February 2019, sótt 9. nóvember 2019 af http://journals.openedition.org/tabularia/3422 ; DOI : 10.4000/tabularia.3422.

[3] Um þessa þýðingu, sjá Driscoll, „The French Connection: Some Icelandic Translations of French Literature in manuscript and print, ca. 1400–1900“, bls. 13–15. Driscoll nefnir einnig þýðingu Þorleifs Jónssonar frá 1869–70 á skáldsögu Jules Verne, *Voyage au centre de la Terre* sem hann telur vera gerða úr frönsku, sjá bls. 19. Sjá Þórhallur Þorgilsson, *Drög að skrá um ritverk á íslenzku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna. I. Frakkland*, bls. 32–33.

2

„Qvennfólkid er eins og almúginn; þær þurfa ad vera hræddar, ef madur á ei ad vera hræddur vid þær.“ Svo hljóðar einn af þeim „sundurlausu þönkum“ sem Hannes Finnsson biskup (1739–1796) birti í riti sínu *Qvøld-vøkurnar 1794*. Ekki er víst að hann beri að túlka af mikilli alvöru enda var verk Hannesar, *Kvöldvökurnar 1794*, meðal fyrstu rita sem gefin voru út á Íslandi og innihéldu efni fyrir íslenska alþýðu.[4] Verkið kom út í tveimur bindum, það fyrra á dánarári höfundar og hið síðara 1797, og þar er að finna ýmsa texta, bæði þýdda og frumsamda, sem ætlað var að skemmta og uppfræða almúgann, börn og fullorðna. Ritið hefst á þakkarorðum Hannesar til tengdaföður síns, Ólafs Stephensen, og þar næst skrifar Hannes ítarlegan og fróðlegan inngang þar sem hann segir frá tilurð verksins og hlutverki. Í *Kvöldvökunum* birtir höfundurinn meðal annarra verka þýðingu sína á franska ævintýrinu „La Belle et la Bête“ eftir franska rithöfundinn Madame Leprince de Beaumont, sem þýða má á íslensku sem „Fríða og dýrið“.[5] Hannes fann sundurlausa þankanum stað rétt á eftir þessu fræga ævintýri, sem í þýðingu hans hlaut það óvænta nafn „Skrýmslið góða“, og bendir það til þess að þýðandinn hafi frá upphafi viljað gefa til kynna að ástæðulaust væri að óttast það skrímsli sem sagan fjallar um. Hér er á ferðinni ein af örfáum íslenskum samtímaþýðingum á frönskum bókmenntaverkum frá 18. öld og því er forvitnilegt að staldra við val Hannesar og vinnulag við þýðinguna.[6]

Eins og Silja Aðalsteinsdóttir bendir á í verki sínu *Íslenskar barnabækur 1780–1979* var það ekki fyrr en á síðari hluta 18. aldar að farið var að huga að útgáfu bóka fyrir börn í Vestur-Evrópu.[7] Ef frá eru skilin stafrófskver og rit um kristindómsfræðslu mun fyrsta barnabókin sem kom út á íslensku í óbundnu máli hafa verið *Sumar-Giøf handa børnum*, þýdd af Guðmundi Jónssyni (1763–1836). Magnús Stephensen skrifar formála að bókinni og í stuttri umfjöllun Símonar Jóh. Ágústssonar um verkið, sem birtist í tímaritinu *Menntamál* árið 1972, kemur fram að hún sé þýsk að uppruna en hafi komið út í Óðinsvéum árið 1790 í styttri danskri þýðingu. Þá þýðingu hafi

[4] „XX. Sundurlaus Þanki“, *Qvøld-vøkurnar 1794*, samanteknar af Dr. Hannesi Finnssyni, Leirárgörðum við Leirá: Islendska Landsuppfrædingar Félag, 1. bindi 1796, 2. bindi 1797, hér 2. bindi, bls. 178.

[5] Sama rit, bls. 155–178.

[6] Sbr. skrá Þórhalls Þorgilssonar, *Drög að skrá um ritverk á íslenzku að fornu og nýju af latneskum og rómönskum uppruna. I. Frakkland*.

[7] Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, Reykjavík: Mál og menning, 1981, bls. 25.

Guðmundur svo þýtt og endursagt og lagað að íslenskri menningu, reynt að sníða málið að börnum og sleppt því sem hann taldi að ætti ekki erindi við íslensk börn, en jafnframt bætt öðru við.[8] Bókin kom út á íslensku árið 1795.

Fyrra bindið af *Kvöldvökunum* var prentað ári síðar, stuttu fyrir andlát Hannesar. Hannes var barn síns tíma og lagði sig fram um að sinna skyldum sínum sem fræðimaður í anda upplýsingarinnar.[9] Hann sendi frá sér margar ritsmíðar og er ein sú þekktasta *Um mannfæckun af Hallærum á Islandi*. Sú umfjöllun kom út í ritum Lærdómslistafélagsins árið 1796 og nær frá landnámi til ritunartíma verksins.[10] *Kvöldvökurnar 1794* innihalda forvitnilegt sambland úr ólíkum áttum og af ýmsu tagi: dæmisögur, „sundurlausa þanka", frásagnir, ævintýri, trúarlegar útleggingar og fræðslupistla um býflugur, blóðlitað vatn, vinda, halastjörnur og margt fleira. Bókinni er skipt niður eftir dögum og er hverjum degi frá 24. október til ársloka ætlaður einn kafli. Af inngangi Hannesar, „Til lesenda og heyrenda bókarinnar", má sjá að það sem einna helst vakir fyrir höfundinum – sem var í senn upplýsingarmaður, guðfræðingur og biskup – er siðgæði og fróðleikur til þess ætlaður „ad bráka eitt eda annad ógresi, og hreyta út aptur einstaka gódu fræ-korni" (xv).[11] Þegar börnin eru búin með *Sumar-giøf handa børnum* vonast Hannes til að dæmisögur og frásagnir úr bók sinni geti reynst þeim vel sem æfing í lestri, og jafnvel betur en „ósidsamleg æfintíri, riddara- og trølla-søgur, um hnútukøst og knífil-yrdi jøtna" sem þau séu vön að lesa (xxiii). En einnig vanti Íslendinga eitthvað sem gleðji þá og hressi á sál og líkama, því eru tveir kaflar ætlaðir börnum sérstaklega í ritinu: kafli 24 sem kallast „Sumargiafirnar Gledi" og kafli 57, „Gód børn foreldra besta eign,

---

8 Símon Jóh. Ágústsson, „Hugleiðingar um barna- og unglingabækur og áhrif þeirra", *Menntamál* 45: 4/1972, bls. 143–155, hér bls. 145-146.

9 Loftur Guttormsson fjallar nokkuð ítarlega um viðhorf Hannesar til uppeldislegs gildis lestrarefnis, sjá „Uppeldis- og fræðsluáherslur í starfi Hannesar Finnssonar biskups", *Greinar af sama meiði helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum*, ritstj. Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson, Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, 1998, bls. 159–167, hér bls. 164–166. Fróðlegt yfirlit um ævi Hannesar má finna í riti Jóns Helgasonar, *Hannes Finnsson biskup í Skálholti*, Reykjavík: Ísafold, 1936 og í ævisögunni sem Guðmundur Jónsson mun hafa tekið saman: *Æfisaga Hannesar Finnssonar: S.S. Theologiae Doctoris og Biskups yfir Skálholts-Stipti: Upplesin vid Hans Jardarfør ad Skálholti, þann 23ia Augúst 1796*, Leirárgörðum, 1797.

10 Jón Helgason, *Hannes Finnsson biskup í Skálholti*, bls. 212.

11 Inngangur Hannesar, „Til lesenda og heyrenda bókarinnar", bls. vii–xxvii. Eftirleiðis verður vísað til þessarar heimildar með blaðsíðutali einu í sviga.

Gledi“ (xxiii-xxiv).[12] Ekki er ólíklegt að börn og ungmenni hafi haft ánægju af fleiri köflum í bókinni, s.s. „Sagan af Furstanum Menzikof“, „Ljótun og Frídur“, „Saga af Trausta Kóngi“, „Sagan af Farsæl og Lánleysing“, „Músar sagan“ og „Skrýmslið góda“, svo eitthvað sé nefnt.

Gagnsemin er þó aldrei langt undan og nánast eins og til að réttlæta skrif sín fyrir börn, tekur Hannes fram að mestu skipti þó að með þessum textum fái vel læsir og skarpir unglingar það í hendur „sem þeir géti æft sig á, ad fullkomnast í út-tali, og náttúrulegum seimlausum lestri“ (xxiv). Ástæður áhuga Hannesar á lestri æskufólks koma vel fram í inngangsorðum hans þar sem hann bendir á að lestur megi ekki vera börnum til leiðinda, og á þá við Guðs orð sem notað var til að kenna börnum að lesa, heldur þurfi að „lokka þau til hans“:

> Eg vil ei láta Guds orda lestur vera þeim straff, eda svo lángann í einu, ad hann olli þeim leidinda, ei heldur mega þau rekast til hans aldeilis varbúin, heldur lockast og yfirtalast til hans og hann giørast svo þægilegur, sem møgulegt er, svo þau lángi til hans. En þar þessa er varla ad vænta, medan þau ei eru búin ad fá skinbragd á honum, þá er mitt rád, ad kénna børnum ei hinn fyrsta bóklestur á Gudfrædis-bækur, heldur smásøgur, audskilin heilrædi og þvílíkt, t.d. Sumargjøf handa børnum sem er yfrid gód og þægileg bók til barna uppfrædingar. (xxii-xxiii)

3

Kvöldvökunum var einkar vel tekið af lesendum og áheyrendum og í riti sínu frá 1936, *Hannes Finnsson biskup í Skálholti*, segir Jón Helgason prófessor að ólíklegt sé að aðrar bækur um veraldlegt efni hafi verið meira lesnar en þessi á fyrstu áratugum nítjándu aldar. Bókin hafi hentað vel fyrir bæði stálpaða unglinga og fullorðna og var svo endurútgefin árið 1848 í styttri útgáfu.[13] Þorkell Bjarnason segir í grein frá 1895 að *Kvöldvökurnar* hafi verið mikið lesin og mjög góð barnabók og að ef til vill sé „sagan af ‘Skrímslinu góða’

[12] Sjá einnig Símon Jóh. Ágústsson, „Hugleiðingar um barna- og unglingabækur og áhrif þeirra“, bls. 146.

[13] Jón Helgason, *Hannes Finnsson biskup í Skálholti*, bls. 219–220; *Kvöldvökurnar 1794*, Samanteknar af Dr. Hannesi Finnsyni, Önnur útgáfa, Reykjavík: Prentaðar af H. Helgasyni, 1848. Í þessari útgáfu er titlum örlítið breytt, setningar felldar niður og dagaskipting kvöldvökulestranna tekin út.

ein hin bezta barnasaga, er birst hefur á íslenzku".[14] Sagan fjallar um unga stúlku sem neyðist til að búa hjá skrímsli vegna þess að pabbi hennar tók rós úr garði skrímslisins til að gefa henni. Í staðinn á hann að færa skrímslinu eina af dætrum sínum og á hún að búa þar það sem eftir er. Hann á þrjár dætur en það er sú yngsta, Fríða, sem fellst á að fórna hamingju sinni fyrir föður sinn. Hún sættir sig við örlög sín, en neitar að giftast skrímslinu þótt vel fari á með þeim. Hún fær leyfi til að heimsækja fjölskyldu sína en dvelur þar lengur en um var samið. Þegar hún snýr aftur er skrímslið dauðvona af sorg yfir svikum hennar. Hún áttar sig þá á því hversu heitt það elskar hana, og fellst á að giftast því. Þá breytist skrímslið í ungan myndarlegan mann og þau ganga í hjónaband.

Ævintýrið um „Skrýmslið góða" naut mikilla vinsælda hér á landi. Sagan þótti „góð og falleg" og varðveittist einnig í munnlegri geymd, eins og Rósa Þorsteinsdóttir hefur bent á.[15] Ævintýrið birtist í mjög styttri mynd undir heitinu „Skrímslið góða" í *Samlestrarbók* sem gefin var út af Steingrími Arasyni árið 1926 í endursögn útgefanda, og var sú gerð ævintýrsins endurbirt í *Segðu mér söguna aftur* sem gefin var út af Geir Jónassyni bókaverði árið 1949.[16] Ólíklegt er að Steingrímur hafi endursagt söguna eftir þýðingu Hannesar því hér heitir stúlkan Fagurkinn en ekki Fríða, öll sagan er mjög stytt og einfölduð og endirinn sömuleiðis mikið breyttur. Einnig var vel þekkt stutt gerð sögunnar sem kom út árið 1930 í þýðingu Steingríms Thorsteinssonar sem mun hafa þýtt ævintýrið úr þýsku og kallaðist, í þýðingu hans, „Skrímslissagan. (Frakkneskt ævintýri)".[17] Sú þýðing er talsvert styttri

[14] Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum", *Tímarit Hins íslenzka bókmentafélags* 16/1895, bls. 204–229, hér bls. 217, sótt 16. maí 2019 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=178777&pageId=2319842&lang=is&q=Fyrir%2040%20%E1rum; sjá líka Rósa Þorsteinsdóttir, „Grimmsævintýri á Íslandi", Þjóðarspegillinn 2012, Rannsóknir í félagsvísindum XII, erindi flutt á ráðstefnu í október 2012, ritstj. Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, bls. 1– 8, hér bls. 2–4.

[15] Rósa Þorsteinsdóttir, „Ævintýri, þýdd og sögð. Ævintýraþýðingar Steingríms Thorsteinssonar í Lbs 1736 4to", *Handritasyrpa*. Rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum, 2. október 2013, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2014, bls. 223–239, hér bls. 234–235.

[16] *Samlestrarbók*, útgefandi Steingrímur Arason, Reykjavík: Prentsmiðjan Acta, 1926, bls. 150–155; *Segðu mér söguna aftur. Úrvalssögur og ævintýri*, Reykjavík: 1949, bls. 103–108.

[17] Þýðingu Steingríms er að finna í Lbs 1736 4to, sem er frá ca. 1880-1900. Rósa Þorsteinsdóttir telur að Steingrímur hafi þýtt söguna úr *Das Buch des schönsten Märchen aller Völker*. Sú þýðing birtist fyrst í safnbókinni *Rökkur. Ljóð, sögur og greinir*, 7. árgangur, útg. Axel Thorsteinsson, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1930, bls. 121-

og einfaldari en þýðing Hannesar. Frá síðari hluta 20. aldar hefur ævintýrið svo birst ótal sinnum á íslensku í gerðum sem eru mislangt komnar frá sögu Madame Leprince de Beaumont. Hér má helst nefna þýðingu Helga Hálfdanarsonar á endursögn Alans Bouchers, „Stúlkan fríða og skrímslið“ sem kom út árið 1971 í safnritinu *Við sagnabrunninn: sögur og ævintýri frá ýmsum löndum* og þýðingu Þórarins Eldjárns á leikgerð breska rithöfundarins Laurence Boswell á *The Beauty and the Beast*; verkið var sýnt í Þjóðleikhúsinu árið 1997 undir heitinu „Yndisfríð og ófreskjan“. Óhætt er að fullyrða að Walt Disney-gerð sögunnar hafi verið ráðandi í síðari tíma útgáfum hérlendis sem ætlaðar eru börnum og þar, eins og hjá Hannesi og Steingrími Thorsteinssyni, heitir stúlkan Fríða.[18] Hér verður viðtökusaga ævintýrisins á Íslandi þó ekki rakin frekar.

Kvöldvökulestrar Hannesar eru ýmist þýddir eða teknir saman af honum sjálfum. Hannes útskýrir í inngangi sínum hversu erfitt honum hafi reynst að velja texta í kver sitt sem væru hvorki of þungir né of léttir fyrir fyrirhugaða lesendur sem eru ekki lærðir menn heldur „skýrt almúgafólk“, fólk sem ekki hefur farið út fyrir landsteinana eða er ókunnugt því sem hann setur í bók sína. Hann hafi því ákveðið að sleppa ýmsum meistaraverkum sem hann hefði gjarnan viljað lesa og útleggja og valið það sem hann taldi „hentugra til sidbóta“ (xii-xiii). Í bréfi til Magnúsar Stephensen, dagsettu 25. janúar 1795, segir Hannes að sér gangi seint með verkið og að hann eigi erfitt með að velja sögur í bókina. Hann telur þó upp nokkur af þeim ritum sem hann hefur haft við höndina:

> Nokkur, og ekki fá, materialia hefi ég, en líkar ekki hvernig þau böglast mér í hendi. Ég þykist mest misfornægður við sjálfan mig að geta ei valið það, sem ekki er of hátt fyrir fjölda lesandanna, en sé þó einhver smekkur að. Það, sem eg er búinn með af fortællinger, er úr Mme Beaumonts Börne-Magazin, nokkuð úr Ambergs nyeste historiske d^ito, Bikuben og Hagendorns Fabeln, mjög lítið úr Amusements Philologiques par M. Choffin, Choix Litteraire etc.[19]

Það er í „Mme Beaumonts Börnemagazin“ sem Hannes sækir söguna um „Skrýmslið góða“ og eins og sjá má af þessari upptalningu er ljóst að hann hefur dönsk, þýsk og frönsk rit sér til hliðsjónar við val á textum í verk

130. Um þýðingar Steingríms, sjá nánar grein Rósu Þorsteinsdóttur, „Ævintýri, þýdd og sögð“, bls. 228 og 234–235.

[18] Fjöldi útgáfa á *leitir.is*.

[19] Jón Helgason, *Hannes Finnsson biskup í Skálholti*, bls. 218.

sitt enda var menntun Hannesar fjölþætt og áhugasviðin mörg. Það kemur greinilega fram á lista hans yfir keyptar bækur á árunum sem hann dvaldi í Kaupmannahöfn.[20] Hannes var við nám í Kaupmannahöfn frá 1755–1767 og svo aftur frá 1770–1777 og hélt skrá yfir bókakaup sín; þar má einmitt finna rit Madame Leprince de Beaumont, Friedrichs von Hagendorns og Davids-Etiennes Choffin, sem hér eru nefnd, auk fjölmargra annarra erlendra rita.[21]

Í frásögn Jóns Helgasonar af lífshlaupi biskupsins kemur fram að Hannes hafi lagt stund á nám í öllum þeim „philosophisku og philologisku lærdóms greinum“ sem kenndar voru við Kaupmannahafnarháskóla auk þess sem hann lagði fyrir sig náttúruvísindi, og þá einkum „botaniquen eður urtavísi“, en síðar guðfræði, matematík og fleira.[22] Í þessu samhengi bendir Jón Helgason á áhrif Jóns Eiríkssonar heimspekings, lögfræðings og konferenzráðs, á nám Hannesar en Jón var þá einnig við nám í Kaupmannahöfn.[23] Í bréfi Jóns til Finns biskups, föður Hannesar, ráðleggur Jón Finni að láta Hannes læra hin nýju tungumál. Auk fornmálanna lærði Hannes því þýsku og frönsku: þýsku þar sem lærifeður margra kennara við háskólann voru þýskir og því nauðsynlegt að þekkja rit þeirra, frönsku eða frakknesku vegna þess að

> frakkneskan var tízku-tunga þeirra tíma og álitið var, að sannmentaðir menn yrðu að kunna hana […] Og í báðum þessum tungumálum hlaut hann [Hannes] brátt svo mikla æfingu, að hann viðstöðulaust gat notfært sér bæði þýzk og frakknesk rit, og varð hann, áður en lauk, svo vel að sér í frakkneskri tungu, að hann bæði gat talað hana viðstöðulítið og ritað hana tiltölulega lýtalaust.[24]

Í fyrrnefndri bókaskrá Hannesar má sjá að árið 1765 kaupir hann sér kennslubók í frönsku: *Cours Complet de la Langue Françoise: distribué par exercices, à*

---

[20] Þennan lista má finna í Lbs 136 8vo sem inniheldur m.a. „Skrá um bókakaup Hannesar byskups 1759–77, ásamt nokkurum frakkneskum ritgerðatitlum“, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, samið hefur Páll Eggert Ólason, II. bindi, Reykjavík, 1927, bls. 32.

[21] Óljóst er hvaða brot úr verki Choffins Hannes hefur þýtt; Þórhallur Þorgilsson, *Drög að skrá um ritverk á íslenzku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna. I. Frakkland*, bls. 18.

[22] Jón Helgason, *Hannes Finnsson biskup í Skálholti*, bls. 25-26.

[23] Jón Eiríksson gegndi mörgum mikilvægum störfum; hann var prófessor í lögum við Akademíuna í Sórey 1759, dómari í hæstarétti frá 1779, yfirbókavörður Konunglega bókasafnsins frá 1781, forseti lærdómslistafélagsins 1779 og konferenzráð 1781.

[24] Jón Helgason, *Hannes Finnsson biskup í Skálholti*, bls. 27.

l'usage des personnes pour qui cette langue est étrangère, sem samin var af Éléazar de Mauvillon og gefin út í Dresden árið 1754. Árið 1766 skrifaði Hannes ritgerðina *Efterretning om Tildragelserne ved Bierget Hekla udi Island, i April og følgende Maaneder* um eldgosið sem átti sér stað það ár og þýddi sjálfur á latínu. Ludvig Harboe Sjálandsbiskup, góður vinur Hannesar, lét prenta ritgerðina í Kaupmannahöfn ári síðar og þýddi hana á þýsku. Jón Helgason tilgreinir einnig að „sendiherra-fulltrúi" Frakka í Kaupmannahöfn, Le Sueure, hafi þýtt hana á frönsku og að hún hafi seinna verið prentuð í fransk-svissnesku tímariti.[25] Kynni Hannesar og Le Sueure leiddu til þess að Hannesi var boðið „eitthvørt hid heidurlegasta og inntektamesta embætti, að hann skyldi verda Konúnglegur Útleggiari Nordurlanda Túngumála á þeirri Konúnglegu bókhlødu í borginni París í Fránkaríki", eins og segir í minningarorðum um Hannes sem lesin voru við jarðarför hans í Skálholti 1796.[26] Þótt Hannes hafi ekki þegið þetta góða boð átti frönskukunnátta hans eftir að koma að góðum notum síðar, meðal annars þegar hann ákvað að íslenska eitt vinsælasta ævintýri franskra bókmennta fyrr og síðar: „La Belle et la Bête".[27]

4

Ævintýrið „La Belle et la Bête" eftir Madame Jeanne-Marie Leprince de Beaumont kom fyrst út í barnabókinni *Magasin des enfants ou Dialogue d'une sage gouvernante avec ses élèves* (Barnablaðið eða samtal viturrar kennslukonu við nemendur sína) sem Hannes kallar „Mme Beaumonts Börne-Magazin" í bréfi sínu til Magnúsar. Bókin var gefin út árið 1756 í London þar sem Madame Leprince de Beaumont starfaði sem kennslukona.[28] Eins og titill verksins gefur til kynna er í bókinni safn verka, ævintýra og fræðsluefnis

[25] Sama rit, bls. 36.

[26] Sama rit, bls. 36-37; *Æfisaga Hannesar Finnssonar*, bls. 11–12.

[27] Eins og Jón Helgason greinir frá skrifaði Hannes mörg bréf á frönsku til að æfa sig. Eitt sýnishorn er að finna í bók hans um biskupinn, bls. 256–258. Fleiri sýnishorn má sjá í *Bréfa- og minnisbók Hannesar Finnssonar*, Lbs 258 4to.

[28] Fullt heiti verksins er: *Magasin des enfants, ou Dialogues d'une sage gouvernante avec ses élèves de la première distinction, dans lesquels on fait penser, parler, agir les jeunes gens suivant le génie, le tempérament et les inclinations d'un chacun. On y représente les défauts de leur âge; l'on y montre de quelle manière on peut les en corriger; on s'applique autant à leur former le cœur qu'à leur éclairer l'esprit. On y donne un abrégé de l'histoire sacrée, de la fable, de la géographie, etc., le tout rempli de réflexions utiles, et de contes moraux pour les amuser agréablement; et écrit d'un style simple et proportionné à la tendresse de leurs années.*

af ýmsu tagi, sem ætluð voru nemendum hennar, ungum stúlkum af efri stigum. Sagan um „Fríðu og dýrið“ er án efa frægasti hluti bókarinnar og er hún felld inn í langa rammafrásögn þar sem spjallað er um verkin þegar þau hafa verið sögð. Madame Leprince de Beaumont var þó ekki höfundur ævintýrisins því hún sækir efniviðinn til annarrar sögu sem ber sama heiti og kom út í París 1740. Sú saga er eftir Madame Gabrielle-Suzanne Barbot de Gallon de Villeneuve og hana er að finna í ritinu *La jeune Américaine et les contes marins* (Unga ameríska stúlkan og sjósögurnar). Verk Madame de Villeneuve er samið í anda þeirra ævintýra og ástarsagna sem nutu mikilla vinsælda meðal franskra lesenda allt frá lokum 17. aldar og fram á miðja 18. öld: þetta er einnig rammafrásögn og er „Fríða og dýrið“ ein þriggja sagna sem sagðar eru á langri siglingu frá Frakklandi til frönsku nýlendunnar Saint-Domingue, sem síðar fékk nafnið Haíti, á eyjunni Hispaniola.

Í verki Madame de Villeneuve er sagan um „Fríðu og dýrið“ gerólík því verki sem þekkt er í dag. Hún er löng og flókin, margþætt og tvíræð og hefur einnig yfir sér erótískan blæ. Áhersla á góðmennsku og fórnfýsi, móralskan boðskap og uppeldisgildi er ekki eins áberandi og í þeirri gerð sögunnar sem nú er þekkt.[29] Saga Madame Leprince de Beaumont í *Magasin des enfants* kom út sextán árum síðar og er mikið stytt og breytt endurgerð af sögu Madame de Villeneuve, sem hún getur reyndar hvergi, enda var verkið í þetta sinn ætlað börnum en ekki fullorðnum, laust við langlokur, tvíræðni og erótík.

Magasin des enfants kom út í fjölmörgum útgáfum á frummálinu á árunum 1756–1780, í Englandi, Frakklandi og víðar, og svo virðist sem höfundurinn sjálfur hafi í a.m.k. fjórum tilvikum gert umtalsverðar breytingar á verkinu sem eru ekki efnislegar en lúta að orðavali og greinarmerkjum. Í nýlegri útgáfu franska bókaforlagsins Champion á verkinu er stuðst við útgáfu frá 1780 en það mun vera síðasta útgáfan þar sem Madame Leprince de Beaumont gerði sjálf breytingar á textanum. [30] Bókin var ekki aðeins lesin til skemmtunar og fróðleiks heldur var hún víða notuð við frönskukennslu. *Magasin des enfants* varð þannig metsölubók á sviði barna- og unglinga-

[29] Um þessar tvær ólíku gerðir „Fríðu og Dýrsins“ hef ég áður fjallað, sjá: Ásdís R. Magnúsdóttir, „Skrímslið og kakóbollinn. Fríða og Dýrið og önnur ævintýri kvenna í frönskum bókmenntum fyrri alda“, *Tímarit Máls og menningar* 3/2018, bls. 18–32.

[30] Madame de Villeneuve, *La Jeune américaine et les contes marins (La Belle et la Bête)*, *Les Belles Solitaires* – Madame Leprince de Beaumont, *Magasin des enfants (La Belle et la Bête)*, édition critique établie par Elisa Biancardi, Paris: Honoré Champion, 2008, bls. 935-954. Útgefandinn árið 1780 var Pierre Bruyset-Ponthus í Lyon, sem hafði einnig gefið verkið út árið 1777 og 1778.

bókmennta innan og utan Frakklands og var þýdd á mörg tungumál; fyrsta þýska þýðingin kom út árið 1758 undir heitinu *Der Frau Maria le Prince de Beaumont Lehren der Tugend und Weisheit für die Jugend*, og fyrsta enska gerðin árið 1761 undir heitinu *The Young Misses Magazine*.[31] Dönsk þýðing guðfræðinemans Johans Christians Schønheyders kom svo út í Kaupmannahöfn í fjórum bindum á árunum 1763–1764 undir heitinu *Magazin for Børn*.[32]

Eins og aðrir upplýsingarmenn, var Hannes áhugasamur um þýðingastarfið. Í inngangi að *Kvöldvökunum* segir Hannes að fyrir honum vaki að klæða textana í „íslendskann fatnad“ (xii), eins og hann kemst að orði:

> Stýllinn vilda eg reyndist vidhafnarlaus, óflókinn og altélegur; en hreinn, audveldur og þægilegur. Eg vona hann ei virdist lesendum ad lakari fyrir það, því bædi hafa mér lærdari menn haldid, að audskilinn stýll sé eckert vankunnáttu merki, og líka ad sitt sé hvad, óbreyttur og audvirdilegur stýll. Gømul úreldt ord og framandi túngna ósmecks-keim í ordum og talsháttum hefi eg haft ásetníng jafnt ad fordast, en samt ei viliað kasta stýlsins sómasemi þar fyrir burt; dæmi adrir um hvørnin mér hafi þad tekist, og siái í gégnum fíngur vid þad, sem ábrestur, eins og vid adra óvilia synd. (xvi)

Þess má geta að þessi orð Hannesar eiga jafnt við um alla textana sem rötuðu í *Kvöldvökurnar*, fræðslupistlana, dæmisögurnar, ævintýrin og biblíutexta. Fyrir honum vakti að skrifa á því máli sem íslenskur almúgi notaði og skildi og laga textana að þekkingu og kunnáttu lesenda sinna:

> Suma vøkulestra hefi eg siálfur samantekid, en útlagt adra, þó er því nær eckert, sem eg ei hafi lagad eptir minna lesenda þeckíngu, og, hvar þess hefir verid kostur, eptir landsins ásigkomulagi, svo eg gét eckert tekid í fullt forsvar, ef þad ætti, sem einber útleggíng ad dæmast. Þess vandara er mér, sem eg ecki gét fyrir mig borid, ad eg hafi sett mér þá reglu, ad fylgja neinu adalriti. (xvi-xvii)

[31] *The Oxford Guide to Literature in English Translation*, ritstj. Peter France, New York: Oxford University Press, 2000, bls. 108; Jack Zipes, *Fairy Tales and the Art of Subversion. The classical genre for children and the process of civilization*, New York: Routledge, 1991(1983), bls. 39.

[32] Madame Marie le Prince de Beaumonts, *Magazin for Børn*, efter den franske Original oversat og til de Danske Læserinders egentligere Brug indretted ved Johan Christian Schønheider, Kiøbenhavn, 1763–1764.

Skoðanir Hannesar á þýðingastarfinu mótast því af þeim ásetningi að þýða fyrir alþýðuna.[33] Hann var einn af fáum Íslendingum sem þýddu beint úr frönsku þegar danskar þýðingar franskra bókmenntaverka voru mun aðgengilegri en frumtextinn.[34] En hvaða breytingar gerir Hannes á ævintýrinu „Fríða og dýrið" við þessi búningaskipti? Hvernig sníður hann heim Fríðu að heimi íslenskrar alþýðu sem ekki hefur farið út fyrir landssteinana? Um leið mætti velta því fyrir sér hvort hann hafi þekkt eða orðið fyrir áhrifum af hinni dönsku þýðingu Johans Christians Schønheyders, *Madame Marie le Prince de Beaumonts Magazin for Børn*, þar sem Hannes nefnir einmitt „Madame Beaumonts Börne-Magazin" í bréfi sínu til Magnúsar Stephensen árið 1795.[35] Sé þýðing Hannesar borin saman við franska textann og hina dönsku þýðingu Schønheyders bendir þó flest til þess að Hannes hafi þýtt úr frönsku enda er bók Madame Leprince de Beaumont, í útgáfu frá 1758, á lista hans yfir keyptar bækur árið 1765.[36] Hér verður því ekki fjallað sérstaklega um dönsku þýðinguna frá 1763-64 en hún var engu að síður höfð til hliðsjónar við samanburð á þýðingu Hannesar og franska textanum frá 1758 til að fá skýrari sýn á vinnubrögð Hannesar. Danskur menningarheimur á síðari hluta 18. aldar var mun nær þeim franska heldur en heimur íslenskrar alþýðu og því forvitnilegt að sjá hvort danski þýðandinn gerði samsvarandi breytingar á sínum texta og Hannes.

---

[33] Um þýðingar fyrir ákveðna hópa lesenda, sjá t.d. Katharina Reiss, *Translation Criticism – The Potentials & Limitations. Categories and Criteria for Translation Quality Assessment*, American Bible Society, St. Jerome Publishing, 2000, bls. 101–105. Hannes vitnar m.a. í kvæði Nicolas Boileau, „L'art poétique" sér til stuðnings varðandi þá ákvörðun að hafa stílinn auðskilinn; *Kvöldvökurnar*, bls. xvi. Lesa má nánar um skoðanir Hannesar og fleiri upplýsingarmanna á þýðingum og stíl í: Þorleifur Hauksson (ritstjóri), Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, Reykjavík: Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Háskóla Íslands, Mál og menning, 1994, bls. 351–356.

[34] Driscoll, „The French Connection: Some Icelandic Translations of French Literature in manuscript and print, ca. 1400–1900", bls. 10–19. Sjá einnig um þýðingar Steingríms Thorsteinssonar á frönskum sögum og ævintýrum (Bláskeggur, Forvitna konan, Skrýmslis sagan) sem líklega voru gerðar úr þýsku í grein Rósu Þorsteinsdóttur, „Ævintýri, þýdd og sögð", bls. 225–228.

[35] Madame Marie le Prince de Beaumonts, *Magazin for Børn*, efter den franske Original oversat og til de Danske Læserinders egentligere Brug indretted ved Johan Christian Schønheider, Kiøbenhavn, 1763–1764.

[36] Á skrá Hannes Finnssonar yfir keyptar bækur 1759-1777 má sjá að Hannes hefur farið vandlega í gegnum verk Beaumonts í heild og skrifað upp „efnisregistur". Því miður hefur fyrra bindi verks Madame Leprince de Beaumont í eigu Hannesar glatast en þar er einmitt ævintýrið um „La Belle et la Bête" sem Hannes hefur þýtt eftir. Síðara bindið hefur varðveist og er á Landsbókasafninu. Við samanburð á þýðingu Hannesar er því höfð til hliðsjónar útgáfa frá sama ári.

5

Þýðing Hannesar einkennist af mikilli nákvæmni og greinilegt er að hann hefur haft góðan skilning á frumtextanum. Á aðeins einum stað virðist Hannes hafa misskilið texta Madame Leprince de Beaumont. Það er þegar faðir Fríðu hrekst í óveðri til hallar dýrsins; hann sér ljós og fer inn og bíður kurteis eftir því að einhver gefi sig á tal við hann enda sársvangur eftir ferðalagið. Það er orðið áliðið og klukkan slær 11 um kvöld:

> *Il attendit pendant un tems considérable; mais onze heures ayant sonné, sans qu'il vit personne, il ne pût résister à la faim…* (bls. 57)
> [Hann beið drjúga stund en þegar klukkan sló ellefu og hann hafði enn engan séð þoldi hann ekki lengur við vegna hungurs …]

Hér lætur Hannes pabbann hringja með lítilli klukku í stað þess að láta klukkuna slá ellefu:

> Hann beid þareptir lángann tíma, en þegar komid var undir midnætti, hringdi hann með lítilli klucku, og þó kom enginn. Hann gat þá ei lengur stadid á móti húngrinu … (bls. 160)

Þessa viðbót er ekki að finna í dönsku þýðingunni frá 1763:

> *Men da Klokken var slaaen elleve, og han hverken havde hørt eller seet noget Menneske, kunne han ikke længer udstaae Sulten …* (bls. 66)

Að öðru leyti er greinilegt að þegar Hannes víkur frá textanum virðist tilgangurinn vera sá að laga textann að nýjum lesendum eða gildum. Hann umreiknar lengdareininguna *mille* (*trente mille*), sem var reyndar lítið notuð í Frakklandi, sem „tvær þingmannaleiðir" og allar tímasetningar að eyktum í dagmál, náttmál, o.s.frv. Einnig undirstrikar hann vinnusemi Fríðu – en það lætur danski þýðandinn ógert –, þegar segir frá líferni Fríðu og systranna í borginni:

> *Elles alloient tous les jours au bal, à la comédie, à la promenade, & se mocquoient de leur cadette, qui employoit la plus grande partie de son tems, à lire de bons livres.* (bls. 52)
> [Þær fóru hvern dag á dansleik, í leikhús, í gönguferðir, og hæddust að yngstu systurinni sem notaði mestan tíma sinn í lestur góðra bóka.]

> Þær vóru dag hvørn vid dans-leika, gledi og veitslur, en spottudu yngstu systur sína, sem brúkadi mestann tímann til að lesa í gódum bókum, eða vinna eitthvad þarft. (bls. 156)

> *De gik hver Dag paa Koemedien, til Bal uden for Porten, og foragtede deres yngste Søster, som fordrev hendes meste Tid med at læse gode Bøger.* (bls. 61)

Í sveitinni er Fríða ekki síður vinnusöm:

> *La Belle se levoit à quatre heures du matin, & se dépêchoit de nettoyer la maison, & d'apprêter à diner pour la famille.* (bls. 54)
> [Fríða fór á fætur klukkan fjögur að morgni og flýtti sér að þrífa húsið og útbúa mat fyrir fjölskylduna.]

> Hún Frída fór á fætur hálfri eykt fyrir midjann-morgun, fór ad sópa húsid, búverka og búa til matar handa øllu fólkinu. (bls. 157)

> *Skiønheden stod hver Morgun klokken fire op, giorde Huset reent, og besørgede Maden til Folkene.* (bls. 63)

Nokkur fleiri dæmi má finna um breytingar Hannesar á franska textanum. Þegar Madame Leprince de Beaumont skrifar um eldri systurnar „qu'elles aillent faire les dames, en gardant les moutons" [þær geti þóst vera dömur á meðan þær sitja yfir kindunum] (bls. 53) þýðir Hannes „þær skyldu nú látast vera Stórherra-dætur, á medan þær væru ad mjólka í qvíunum" (bls. 156–7) en danski þýðandinn „om de kan forsvare den naadige Frue iblant Maltepigerne" (bls. 62). Þótt Fríða eigi ekki „un sou" [einn skilding] (bls. 53) hjá franska höfundinum mun það ekki standa í vegi fyrir því að hún eignist vel stæðan eiginmann; hjá Hannesi er skildingurinn „fiskvirði" (bls. 157) en í dönsku þýðingunni er talað um „Skilling" (bls. 62). Í texta Beaumonts leikur Fríða á „clavecin" [sembal] (bls. 54) þegar hún hefur lokið húsverkum en hjá Hannesi spilar Fríða á „hljóðfæri" (bls. 157), enda ekki víst að íslensk alþýða hafi vitað hvað semball var. Stuttu síðar í textanum þýðir Hannes svo *clavecin* með orðinu „harpa". Danski þýðandinn notar hins vegar orðin „Klaver, Claveer" (bls. 63 og 74). Þegar faðirinn fer til borgarinnar biðja systurnar tvær hann um að kaupa „des robes, des palatines, des coëffures, & toutes sortes de bagatelles" [kjóla, loðskinn sem lagt var yfir háls og axlir, höfuðföt og alls kyns smáræði] (bls. 55). Í þýðingu Hannesar vilja þær „føt og silki, qvennsylfur og alls slags óþarfa" (bls. 158), en í þeirri dönsku „Klæder, Blomster, Kniplinger og anden slig Fruentimmerstads" (bls. 64).

Forvitnilegt dæmi um íslenskun Hannesar á frönsku sögunni er frásögn hans af morgunverði föðurins þegar hann vaknar í höllu skrímslisins. Í franska textanum bíður hans á litlu borði heitt súkkulaði sem hann drekkur áður en hann fer út og tekur rósina sem Fríða hafði beðið um.

> *Il rentra dans la grande salle, où il avoit soupé la veille, & vit une petite table où il avoit du chocolat. Je vous remercie, Madame la fée, dit-il tout haut, d'avoir eu la bonté de penser à mon déjeuner. Le bon homme, après avoir pris son chocolat, sortit pour aller chercher son cheval…* (bls. 57)
> [Hann gekk aftur inn í stóra salinn þar sem hann hafði borðað kvöldið áður og sá þar lítið borð með heitu súkkulaði. Ég þakka yður, Frú álfkona, sagði hann upphátt, fyrir þá gæsku að hafa hugað að morgunverði mínum. Eftir að hafa drukkið súkkulaðið, fór maðurinn út að ná í hest sinn …]

Svona þýðir Hannes:

> Hann kom aptur í stóra salinn, hvar hann hafdi haft qvøldverd ádur, og fann þar lítid bord með frókosti. „Eg þacka þér Herra lopt-andi, sagdi hann hátt, að þú hefir hugsad fyrir árbita mínum." Eptir ad þessi gódi madur hafði hresst sig og mettad fór hann ad leggja á hest sinn, … (bls. 161)

Hér fær gesturinn frókost, árbita, hressir sig og mettar á meðan sögupersóna Beaumonts byrjar daginn með heitu súkkulaði. Þótt orðinu „chocolade" bregði fyrir í íslensku ritmáli í lok 18. aldar er ólíklegt að íslenskir lesendur hafi almennt bragðað þann drykk, sem naut mikilla vinsælda í heimalandi höfundar, og þá einkum meðal yfirstéttarinnar og þá ekki síst kvenna, allt frá 17. öld.[37] Danskir lesendur voru þó ekki sviknir um súkkulaðið enda var orðið *chokolade* eða *sukkerlade* þekkt í dönsku frá 1669:[38]

> *Han gik ud i den store Sael, hvor han Aftenen tilforn havde spiist, og han fandt Chokoladen færdig paa et lidet Bord, som stod ved Vinduet; han sagði ganske høit: „Jeg er dem meget forbunden min naadige Troldfrue, at de har haft den Godhed at sørge for min Frokost, førend jeg reiser bort.„*

[37] *Rit þess íslenzka Lærdóms-Lista felags*, V, 1784, bls. 26. Ég þakka Erlu Erlendsdóttur, prófessor í spænsku, fyrir þessa ábendingu.

[38] „chocolade", *Ordbog over det danske sprog. Historisk ordbog 1700-1950*, sótt 21. janúar 2019 af https://ordnet.dk/ods/ordbog?query=chokolade.

> *Vores ærlige kiøbmand havde nu drukket sin Chokolade, og ville hente sin hest* … (bls. 67)

Fleiri breytingar koma í ljós við samanburð á íslenska og franska textanum. Þegar faðir Fríðu kemur inn í höll dýrsins er þar engan að sjá; hann er viss um að húsbóndinn eða þjónustumenn hans („le maître de la maison, ou ses domestiques“, bls. 57) fyrirgefi honum að hafa farið óboðinn þangað inn til að ylja sér. Næsta morgun liggja hrein föt við rúmið og þá er hann viss um að höllin tilheyri góðri álfkonu („quelque bonne fée“, bls. 57) sem hafi aumkað sig yfir hann. Eftir að hafa drukkið heita súkkulaðið þakkar hann svo *Madame la fée* – Frú álfkonu – fyrir sig. Á samsvarandi stöðum í texta Hannesar er það fyrst „húsbóndinn eða ráðsmadur hans“ (bls. 160), síðan „einhvørr góður loptandi“ (bls. 161) og að lokum „Herra lopt-andi“ (bls. 161). Schønheyder þýðir: „Herren her poo Slottet, og hans Betientere“ (bls. 66), „en god Troldnymphe“ (bls. 67) og að lokum „min naadige Troldfrue“ (bls. 67). Má vera að Hannes hafi valið að karlgera álfkonuna með hliðsjón af þeirri vitnesku að húsbóndi kastalans var karl og e.t.v. ekki þekkt hina sterku frönsku ævintýrahefð þar sem *la fée*, álfkonan, er oft áhrifamikil sögupersóna? Í lok sögunnar birtist svo álfkona („une grande fée“, bls. 73) sem verðlaunar Fríðu fyrir að hafa valið rétt og refsar systrum hennar. Þá þýðir Hannes „mikils-háttar lopt-gydja“ enda ljóst að álfkonan er engin önnur en konan sem vitjaði Fríðu í draumi fyrstu nótt hennar í höllinni. Í danska textanum er hún „en af de mægtigste Troldnympher“ (bls. 85).

Að lokum má velta því fyrir sér af hverju Hannes breytir heiti sögunnar. „La Belle et la Bête“ heitir „Skiønheden og Bæstet“ á dönsku en „Skrýmslið góða“ í þýðingu hans. Titillinn gefur til kynna að skrýmslið sé aðalsöguhetjan en ekki Fríða; einnig má segja að Hannes kveði strax niður óttann við skrímslið enda gagnrýndi hann draugasögur og annað í þeim dúr sem íslensk börn lásu sér til skemmtunar, eins og kemur fram í inngangi hans að *Kvöldvökunum 1794*. Ritinu var ætlað að vera siðbætandi og það er kannski líka þess vegna að tilfinningar Fríðu eru lágstemmdari þegar álögin falla. Fríða Hannesar sér „frídann og fallegann“ (bls. 176) konungsson þegar skrímslið fellir haminn á meðan Madame Leprince de Beaumont, sem hafði þó lagað sinn texta að ungum lesendahópi,, leyfir prinsinum að vera „plus beau que l'amour“ (bls. 72) eða „fegurri en ástin“. Hin franska Belle réttir honum höndina til að hjálpa honum á fætur en það gerir hin íslenska Fríða ekki.

6

Hannes Finnson þýddi ævintýrið „La Belle et la Bête“ af nákvæmni og tryggð við frumtexta. Breytingar hans eru hófstilltar og hann endurskrifar ekki verk Madame de Beaumont. Hann fetar þann vandratað meðalveg sem franski málfræðingurinn Nicolas Beauzée, höfundur kaflans um „Traduction“, í frönsku Alfræðiorðabókinni, lýsir svo í 16. bindi verksins, sem kom út árið 1765 og Hannes var e.t.v. kunnugur:

> *Rien de plus difficile en effet, & rien de plus rare qu'une excellente traduction, parce que rien n'est ni plus difficile ni plus rare, que de garder un juste milieu entre la licence du commentaire & la servitude de la lettre. Un attachement trop scrupuleux à la lettre, détruit l'esprit, & c'est l'esprit qui donne la vie : trop de liberté détruit les traits caractéristiques de l'original, on en fait une copie infidele.*[39]
>
> Ekkert er í raun vandasamara og ekkert er sjaldgæfara en úrvals þýðing, vegna þess að ekkert er vandasamara eða sjaldgæfara en að feta meðalveg milli frelsis endursagnarinnar og þjónustulundar við bókstafinn. Of sterk tengsl við bókstafinn eyðileggja andagiftina og það er hún sem glæðir textann lífi; of mikið frelsi eyðileggur einkenni frumtextans; þá er þýðandinn ekki trúr textanum.

Hannes fór þá leið við þýðingastarfið að klæða textann – eins og önnur verk sem hann útleggur í *Kvöldvökunum 1794* – í íslenskan búning því að ritið var samið fyrir íslenska alþýðu. Þótt Hannes hafi ekki viljað gerast „Konúnglegur Útleggiari Nordurlanda Túngumála“ í París og lengi verið búsettur í Kaupmannahöfn, áttaði hann sig vel á muninum á frönskum og íslenskum menningarheimi, og markhópur hans á Íslandi var býsna ólíkur þeim ungu stúlkum sem sagan var skrifuð fyrir í London árið 1756. Hér hefur aðeins verið rýnt í einn af þeim textum sem Hannes þýddi eða útlagði í *Kvöldvökunum 1794* en ekki er loku fyrir það skotið að fleiri þýðingar úr frönsku leynist í þessu verki sem fróðlegt væri að skoða. Ljóst er að Hannes var góður frönskumaður og áhugasamur um þýðingarstarfið og því er þýðing hans á „La Belle et la Bête“ einstakur kafli í þýðingarsögu franskra bókmennta á íslensku á 18. öld.

[39] (B.E.R.M.), „Traduction“, *Encyclopédie: ou dictionnaire raisonné des sciences, des arts et des métiers*, 16. bindi, Neufchastel: Samuel Faulche & Compagnie, Libraires & Imprimeurs, 1765, bls. 510-512, hér bls. 511; sótt 6. nóvember 2019 af https://artflsrv03.uchicago.edu/philologic4/encyclopedie1117/navigate/16/2562/ B.E.R.M. stendur hér fyrir Nicolas Beauzée.

Hannes Finnsson

Kvöldvökurnar 1794

Mánudaginn, 15. desember

LXI. Um Skrímslið góða.

Einu sinni var kaupmaður nokkur flugríkur; hann átti 6 börn: 3 syni og 3 dætur, en þar eð hann var skynsamur maður, svo sparaði hann ekkert upp **á** uppeldi barna sinna, heldur hélt þeim til alls slags mennta. Dætur hans voru dáfríðar, þó sér í lagi sú yngsta, og var hún í barnæsku sinni altíð kölluð fríða barnið, svo það nafn hélst við hana ætíð síðan, að hún hét Fríða, hvað eð uppvakti stóra öfund hjá systrum hennar. Svo sem þessi yngsta systirin var sú fríðasta, svo var hún einnig betri en báðar hinar, því þær voru stoltar af ríkidæmi sínu; létu eins og þær væru stórherradætur, og vildu ekki tala við önnur kaupmannabörn, eða umgangast nema aðalsfólk. Þær voru dag hvern við dansleika, gleði og veislur, en spottuðu yngstu systur sína, sem brúkaði mestan tímann til að lesa í góðum bókum, eða vinna eitthvað þarft. Vegna þess allir vissu þær voru ríkar, svo biðluðu margir mestu háttar kaupmenn til þeirra, en þær tvær eldri svöruðu: að þær aldrei vildu giftast, nema ef það væri hertoga, eður í það allra minnsta einhverjum jarli.

En hún Fríður þakkaði hæversklega þeim, sem báðu hennar, sagði samt undir eins að hún væri of ung, og hún vildi enn nú vera nokkur ár hjá föður sínum. Allt í einu missti kaupmaðurinn eigur sínar, svo hann átti ekki eftir nema eitt lítið kot langt frá kaupstaðnum. Hann sagði börnum sínum grátandi, að nú lægi ei annað fyrir, ef þau vildu lífinu halda, en flytjast þangað, og fara að vinna eins og aðrir bændur. Báðar eldri dæturnar svöruðu: að þær vildu ekki skiljast við kaupstaðinn, þær hefðu svo marga biðla, sem teldu sér það fyrir lukku, að eiga þær, hversu fátækar, sem þær væru, en þeim góðu stúlkum skjátlaðist í því, þar eð biðlarnir vildu ekki líta til þeirra, þegar þær voru orðnar fátækar: Enginn elskaði þær, af því

þær voru svo stoltar, og allir sögðu, að það væri mátulegt fyrir þær, þó drambið lækkaði nokkuð í þeim, þær skyldu nú látast vera stórherradætur, á meðan þær væru að mjólka í kvíunum. En undir eins sögðu allir: hvað hana Fríðu snertir, þá fer það illa, að henni skuli ganga á móti; hún er góð stúlka; hún talaði við alla með góðsemi, og var þýðlynd og skikkanleg. Þar voru og nokkrir mikilsháttar menn, sem vildu eiga hana, þó ekki ætti hún eitt fiskvirði, en hún sagði þeim, að nú gæti hún allra síst fengið af sér að skilja við föður sinn í þessari hans baráttu, og hún ætlaði að fara með honum út á landsbyggðina honum til hugfróa, og til að vinna fyrir honum. Í fyrstunni féll henni þungt að missa sitt ríkidæmi, en hún sagði með sjálfri sér: „hversu mikið, sem ég græt, svo fæ ég aldrei þar með aftur eigur; ég verð að bera mig að verða lukkuleg, án þess að vera rík.“ Þegar þau voru komin til kots síns út á landsbyggðina, fór kaupmaðurinn og synir hans að vinna alla landsvinnu. Hún Fríða fór á fætur hálfri eykt fyrir miðjan morgun, fór að sópa húsið, búverka og búa til matar handa öllu fólkinu. Í fyrstunni féll henni það þungt, því hún var ekki vön að ganga í öllu eins og vinnukona; en að tveggja mánaða fresti var hún orðin sterkari, og erfiðið hafði gefið henni fullkomna heilbrigði. Þegar hún var búin að ljúka sínu verki, fór hún að lesa í bók eða spila á hljóðfæri, eða söng og spann svo undir eins. Þar á móti gátu ei hinar tvær systur hennar á sér tekið fyrir leiðindum; þær fóru á fætur jafn nærri báðum hádegi og dagmálum, voru á ráfi allan daginn, og höfðu af fyrir sér með því, að telja raunatölur sínar, um fallegu fötin, sem þær höfðu átt, og veislurnar sem þær höfðu verið í. „Skoðaðu hana yngstu systur okkar, sögðu þær sín á milli, það er engin sóma tilfinning í henni, því hún er svoddan hjáræna, að hún er ánægð með vesældina, sem hún nú er í.“

En sá góði kaupmaður, áleit þetta öðruvísi en dætur hans. Hann vissi að hún Fríða var betur fær um að vera sér til sóma í stórveislunum, heldur en systur hennar, hann dáðist að hennar dyggðageði, en sér í lagi hennar þolinmæði, því systrum hennar var ekki nóg, að láta hana vinna allt hvað gjöra þurfti á heimilinu, heldur snupruðu hana sífelldlega þar á ofan.

Þannig leið eitt ár, sem fólk þetta var í einsetu út á landsbyggðinni, þegar kaupmaðurinn fékk bréf um að eitt skip með vörur hans væri lukkulega til hafnar komið. Af þessum fréttum gátu þær eldri

dæturnar ekki ráðið sér fyrir gleði, því nú hugsuðu þær, að loksins væri sá tími kominn að þær gætu komist frá landsbyggðinni, hvar þeim leiddist mjög. En þegar þær sáu að faðir þeirra var ferðbúinn, beiddu þær hann að kaupa handa sér föt og silki, kvensilfur og alls slags óþarfa. Hún Fríða beiddi um ekkert, því hún hugsaði með sjálfri sér, að allir peningarnir fyrir vörurnar mundu ekki hrökkva til að kaupa allt það, sem systur hennar báðu um. „Biður þú mig ekki um að kaupa neitt?“ sagði faðir hennar til hennar. „Þar þér eruð svo góðir að hugsa til mín, svaraði hún, svo vil ég biðja yður að færa mér eina rós, því þær vaxa hér ekki.“ Það var ekki af því, að henni Fríðu væri svo mikið um gefið að fá rós, en hún vildi ekki með sínu dæmi lasta breytni systra sinna, sem hefðu sagt, að hún vildi vera öðruvísi en aðrir, ef hún hefði ekki beðið um neitt. Sá góði maður ferðaðist burtu, og þá hann kom þangað, sem hann ætlaði, fékk hann ei sínar vörur; sú sök kom til dóms og laga, og eftir mikla mæðu og kostnað sneri hann til baka aftur, eins fátækur og hann hafði nokkurn tíma verið. Hann átti ekki eftir meir en tvær þingmannaleiðir að komast heim, og var farinn að gleðja sig af því yndi, sem hann hefði af að sjá börn sín aftur, en vegna þess leið hans lá í gegnum þykkan og langan skóg, villtist hann og fann hvergi bæ. Mesta kafald var og svoddan stormviðri, að honum kastaði tvisvar af hestinum, nótt var komin, og hann hugsaði ekki annað en hann mundi deyja, annað hvort af hungri eða kulda, ellegar hann mundi verða uppétinn af úlfum, sem hann heyrði voru að ýlfra allt í kringum hann. Rétt í einu sá hann á milli eikanna ljós mikið, sem honum sýndist vera langt burtu. Hann reið í þá átt, og sá, að það kom frá stóru sloti, sem allt var ljósum prýtt. Kaupmaðurinn þakkaði Guði fyrir þessa hjálp, og skundaði til slotsins. En hann undraðist mjög, að hann fann enga manneskju á gangi. Hesturinn hans sá stórt hesthús opið, fór þar inn, fann þar gott fóður, og þar hann var hungraður, át hann rösklega þar af. Eftir að kaupmaðurinn var búinn að binda hann, fór hann til hallarinnar, en fann þar enga manneskju. En þá hann kom í einn stóran sal, fann hann þar yl og borð vistum búið, en ekki lagt á það nema handa einum manni. Vegna þess hann af snjó og regni var orðinn holdvotur, fór hann til eldsins að þurrka sig, og sagði við sjálfan sig: „Húsbóndinn eða ráðsmaður hans munu forláta mér, þó ég gjöri mig heimakominn, því það mun ekki vara lengi þangað til þeir koma.“ Hann beið þar

eftir langan tíma, en þegar komið var undir miðnætti, hringdi hann með lítilli klukku, og þó kom enginn. Hann gat þá ei lengur staðið á móti hungrinu, tók einn hænsnaunga, og borðaði hann í tveimur bitum, þó skjálfandi. Hann drakk líka góðan sopa af víni, varð síðan djarfari, fór út úr salnum, og gekk í gegnum nokkur herbergi, sem öll voru praktuglega útbúin. Loksins fann hann eitt svefnkamers, með góðri rekkju, og þar eð þá var yfir miðnætti, en hann þreyttur, réði hann af, að loka að sér dyrunum og ganga til hvílu.

Morguninn eftir var vel liðið af dagmálum, þá hann fór á fætur, og undraðist yfir að finna hjá sér góðan klæðnað í staðinn fyrir fötin sín, sem öll voru skemmd eftir óveðrið daginn fyrir. „Án alls efa," sagði hann með sjálfum sér, „má þetta slot eiga einhver góður loftandi, sem hefir miskunnað sig yfir mig." Hann leit út um gluggann, og sá ekkert til snjóar, en þar á móti blómsturbúska, sem voru dæilegir ásýndar. Hann kom aftur í stóra salinn, hvar hann hafði haft kvöldverð áður, og fann þar lítið borð með frókosti. „Ég þakka þér herra loftandi, sagði hann hátt, að þú hefir hugsað fyrir árbita mínum." Eftir að þessi góði maður hafði hresst sig og mettað, fór hann að leggja á hest sinn, og þar eð hann gekk þá fram hjá rósarunna nokkrum, kom honum í hug hvað hún Fríða hafði beðið hann um, og tók einn kvist af þeim mörgu, sem þar voru. Undir eins heyrði hann hark mikið, og sá að til sín æddi skrímsli, svo ógnarlegt, að nærri leið yfir hann. „Mikið óþakklátur ertu," sagði skrímslið við hann, með skelfilegri rödd. „Ég frelsaði þitt líf, og hýsti þig á mínu sloti, en til launa fyrir það stelur þú rósunum mínum, sem mér þykir vænna um en nokkurn annan hlut í veröldinni. Fyrir þetta þitt tiltæki skaltu deyja, og ég gef þér ekki nema fjórða part úr klukkutíma til að biðja Guð fyrir þér." Kaupmaðurinn kastaði sér á kné, spennti greipar, fórnaði höndum, og sagði við skrímslið; „náðugi herra! fyrirgefið þér mér! ég ætlaði ekki að styggja yður, þó ég tæki eina rós handa einni af dætrum mínum, sem hafði beðið mig um hana." „Ég heiti ekki náðugur herra," svaraði ófreskjan, „en ég heiti skrímsli; ég er ekki fyrir fagurgala, en ég vil hver segi eins og hann þenkir, og þú þarft ekki að hugsa að vinna neitt hjá mér með hræsninni þinni. En, þú sagðist eiga dætur? Ég skal þá fyrirgefa þér með því móti, að ein þeirra komi fríviljuglega hingað að deyja í þinn stað; ég vil ekki heyra eitt orð meira, farðu af stað, og sver mér eið, að þú skulir koma aftur innan hálfs misseris, ef engin af

dætrum þínum vill deyja í þinn stað.“ Þessi góði maður ætlaði sér aldrei, að gefa neina af dætrum sínum út í dauðann handa þessari ófreskju, en hann áleit, að frestur væri á illu bestur, „því ég hefi þó í hið minnsta,“ hugsaði hann, „það yndi að sjá börn mín enn nú einu sinni, og kveðja þau,“ hann sór þá, að hann skyldi koma aftur, og skrímslið sagði honum, að hann mætti fara burt, nær sem hann vildi, en „þó vil ég ekki, sagði það, að þú farir tómhendur. Farðu til baka inn í herbergið þar sem þú svafst í nótt, þar er stór kista tóm, láttu í hana hvað þú vilt, ég skal koma því heim til þín.“ Undir eins fór skrímslið í burtu, og sá góði maður sagði við sjálfan sig: „úr því ég verð að deyja, svo er mér það þó huggun, að ég get eftirlátið vesælings börnunum mínum, nokkuð til lífsuppheldis.“

Síðan fór hann aftur í herbergið, sem hann hafði sofið í, og fann þar mikla hrúgu af gullpeningum, fyllti af þeim kistuna, sem skrímslið hafði talað um, læsti henni, tók síðan hestinn sinn, og reið út úr þessu sloti eins sorgbitinn, eins og hann hafði verið glaður að komast þangað. Hesturinn hans fór af sjálfum sér eina götu út úr skóginum, og innan skamms kom hann heim til kota sinna. Öll börnin flykktust að honum, en í staðinn fyrir að taka þeirra blíðlátum, fór kaupmaðurinn að gráta, þegar hann sá þau. Hann hélt á rósakvistinum í hendinni, fékk henni Fríðu hann og sagði: „Fríða! taktu við rósunum þeim arna! þær hafa kostað mig vesæling nógu mikið,“ og síðan sagði hann börnum sínum frá allri þeirri ólukku, sem hann hefði í ratað. Þegar báðar eldri systurnar heyrðu það, skræktu þær upp yfir sig og álösuðu henni Fríðu, að hún grét ekki. „Skoðið þið hverju stoltið kvikindisins þess arna kemur af stað, sögðu þær, því beiddi hún ekki um skart eins og við? en jómfrúin vildi vera öðruvísi en aðrar, og hún er nú orsök í dauða hans föður okkar, en grætur samt ekki.“ „Það væri til lítils gagns,“ svaraði hún Fríður: „hvar fyrir skyldi ég gráta dauða hans föður míns? hann skal ekki missa lífið! þar eð ófreskjan vill láta sér nægja með eina dætrum hans, svo ætla ég að gefa mig henni á vald, og ég kalla mig sæla, að ég get með dauða mínum haft þá gleði, að frelsa hann föður minn, og sýna honum hversu ég elska hann.“ „Nei, systir mín!“ sögðu þeir þrír bræður, „þú skalt ekki deyja, við skulum fara og reyna okkur við skrímslið, og drepa það eða sjálfir falla.“ „Hugsið ekki til þess, börnin mín!“ sagði kaupmaðurinn, „því skrímslisins makt er svo stór, að það er engin von eða vegur

til að drepa það. Mér þykir vænt um hjartagæsku hennar Fríðu, en ég vil ekki hleypa henni út í dauðann. Ég er gamall, ég á ekki langt eftir ólifað, svo ég get ekki misst utan fáein ár af lífi mínu, í hverjum mér er lítil eftirsjón, nema ykkar vegna, mín kæru börn!“ „Ég segi yður sannleikann, faðir minn góður!“ sagði hún Fríður til hans, „að þér skuluð ekki svo fara til slotsins, að ég sé ekki með; þér skuluð ekki geta hindrað mig frá að fylgja yður; þó ég sé ung þá elska ég samt ei lífið og ég vil heldur að skrímslið rífi mig í sundur, heldur en að deyja af hugarangri að missa yður.“ Hvað, sem hver sagði, þá vildi hún Fríða endilega ferðast til slotsins, og systrum hennar þótti vænt um það, vegna þess þeim var farið að leika öfund á dyggðum hennar.

Þriðjudaginn, 16. desember.

Kaupmaðurinn var svo þankafullur yfir því að missa dóttur sína, að hann hugsaði ekkert til kistunnar, sem hann hafi fyllt upp með gullpeninga; en undir eins og hann var búinn að loka aftur sínu svefnkamersi, gekk yfir hann þegar hann fann hana við höfðalagið á rúminu sínu. Hann einsetti sér, að láta ekkert á þessu bera við börnin sín, að hann var orðinn ríkur, því dæturnar hefðu þá viljað fara aftur til kaupstaðarins, en hann var búinn að einsetja sér að enda sína daga á landsbyggðinni, en henni Fríðu trúði hann fyrir því, og hún sagði honum, að meðan hann hefði verið burtu, hefðu nokkrir höfðingsmenn komið, og meðal þeirra tveir, sem hefðu hugi til systra hennar. Hún beiddi föður sinn að gifta þær, því hún var svo góðhjörtuð að hún elskaði þær, hversu mikið, sem þær höfðu gjört henni illt.

Þessar tvær vondu stúlkur neru á sér augun með lauk til að gráta, þegar hún Fríða fór burt með föður þeirra; en bræður hennar og faðirinn grétu af alúð. Enginn var grátlaus nema hún Fríður, vegna þess að hún vildi ekki þar með auka hinna hryggð. Hestarnir héldu leiðina til slotsins, og um kvöldið var þar allt ljósum prýtt, eins og í fyrra sinni. Hestarnir fóru í hesthúsið, og sá góði maður fór með dóttur sinni í þann stóra sal, þar fundu þau borð og allsnægtir á, en lagt á borðið fyrir tvo. Kaupmaðurinn gat ei af sér fengið að borða, en hún Fríður bar sig að sýnast róleg, settist til borðs, og lagði upp **á** fyrir hann. Síðan sagði hún með sjálfri sér: „Skrímslið

ætlar að ala mig, áður en það vill éta mig, úr því það setur svoddan stórveislu upp handa mér.“ Þegar þau höfðu borðað heyrðu þau mikinn skruðning, og kaupmaðurinn kvaddi dóttur sína grátandi, því hann hugsaði að skrímslið væri það, sem kæmi. Fríða fékk hrylling í sig alla þegar hún sá þessa ógnarlegu mynd; en hún herti sig upp svo sem hún gat, og þá þessi ófreskja spurði hana að: „hvort það væri með góðu geði, að hún væri hingað komin?“ svaraði hún skjálfandi: „já!“ „mikið góð ertu,“ sagði skrímslið, „og ég þakka þér fyrir það. Farðu á stað aftur á morgun, góður maður! og kom þú hingað aldrei oftar. Vertu sæl Fríður!“ „Vertu sæll skrímsli,“ svaraði hún, og í því fór skrímslið burt. „Æ! dóttir mín sæl,“ sagði kaupmaðurinn, og umfaðmaði hana Fríðu: „Ég er hálfdauður úr hræðslu. Láttu mig ráða, og skildu mig hérna eftir.“ „Nei! faðir minn góður,“ sagði hún Fríða og var einbeitt: „Farið þér til baka á morgun, og látið Guð sjá fyrir mér; hann mun miskunna mér.“ Þau fóru að hátta, en hugsuðu, að dúr mundi ekki koma á auga sitt alla þá nótt; en varla voru þau gengin í rekkjur sínar fyrr en þau sofnuðu sætt og rótt. Í svefninum dreymdi Fríðu að kona nokkur kom til hennar, sem sagði: „ég læt mér vel lynda þína geðgæsku, Fríða! Það góðverk, sem þú gjörir í því, að gefa út líf þitt til að frelsa föður þinn frá dauða, skal ekki vera ólaunað.“ Þegar Fríða vaknaði sagði hún föður sínum þennan draum, og þó honum væri hann nokkur hugfró, æpti hann samt hástöfum, þegar hann varð að skiljast við þessa sína elskudóttur.

Eftir að hann var burtu farinn, settist hún Fríða niður í stóra salnum og fór líka að gráta. En þar hún hafði mikla hugprýði til að bera, fól hún sig Guði á vald, og einsetti sér að slá burt öllu hugarvíli þann stutta tíma, sem hún ætti ólifaðan, því hún taldi það víst að skrímslið mundi éta hana upp sama kvöldið. Á meðan tók hún sér fyrir að sjá sig um kring, og skoða þetta fallega slot. Hún dáðist að hversu fallegt það var, en mest undraðist hún yfir, að hún sá skrifað yfir einum dyrum: húsið hennar Fríðu. Hún lauk dyrunum upp, og fann þar svoddan viðhöfn, sem hún aldrei fyrr hafði séð. En það, sem henni þótt sérlegast, var stór bókaskápur, harpa og nótnabækur. „Mér á ekki að leiðast,“ sagði hún í hljóði; síðan hugsaði hún: „ef ég ætti ekki að vera hér utan einn dag, þá hefði ekki allur þessi tilbúningur verið hafður.“

Þessi þanki hughreysti hana aftur; hún lauk upp bókaskápnum,

og sá eina bók hvar á skrifað var með gullletri: óskaðu! skipaðu! hér ertu Drottning og húsfreyja! „æ! sagði hún," og stundi við, „ég óska einskis nema að sjá hann vesælings föður minn, og vita hvernig honum líður." Hún hafði naumast sagt þetta í huga sínum. En hvað stór var ekki hennar forundran, þá henni var litið í stóran spegil, að hún sá þar bæinn sinn, og hann faðir hennar kom þá heim mjög dapur í bragði. Systur hennar komu á móti honum, og hvernig, sem þær skældu sig til að sýnast sorgbitnar, var þó auðséð á andlitinu á þeim fögnuðurinn yfir að hafa misst hana systur sína. Strax þar eftir hvarf allt þetta, og Fríða þenkti með sjálfri sér, að góðgjarnt væri skrímslið, hún mundi þess vegna einskis ills von þurfa af því að eiga.

Um miðdegi fann hún að búið var að leggja á borðið, og meðan á máltíðinni stóð, heyrði hún yndislegan hljóðfæraslátt, en sá enga manneskju. Um kvöldið þegar hún var sest til borðs, heyrði hún skruðning, sem skrímslið gjörði, og þá varð hún mjög hrædd. „Fríða!" sagði skrímslið við hana, „viltu lofa mér að vera hér meðan þú ert að borða?" „hér stendur allt í yðar valdi," svaraði Fríða, en þó skjálfandi. „Nei!" svaraði skrímslið, „hér er enginn húsráðandi nema þú. Þú þarft ekki annað að segja mér en ganga í burtu, ef ég er þér til leiðinda, ég skal þá strax fara minn veg. En seg mér, sýnist þér ég ekki hræðilega ljótur?" „jú! jú!" sagði hún Fríða, „því ég kann ekki að skrökva, en ég held þér séuð góðgjarn." „Það er líka satt," svaraði skrímslið, „en fyrir utan það ég er svo ljótur, þá hefi ég ekki minnsta korn af skarpleika, og ég veit að ég er ekki annað en skynlaus skepna." „Enginn er skynlaus," svaraði hún Fríða, „sem þekkir skynsemdarleysi sitt, því heimskingjarnir þekkja sig aldrei." „Borðaðu þá, Fríða!" sagði skrímslið við hana, „og berðu þig að láta þér ekki leiðast í þessu þínu húsi, því allt hvað hér er, er þitt, og mér væri það angur ef þú ekki yrðir ánægð." „Mikið góður eruð þér," sagði hún Fríða; „ég er vel ánægð með yðar hjartalag, þegar ég hugsa um það, svo sýnist mér þér ekki mjög ljótur." „Æ! stúlka, já!" svaraði skrímslið, „góðgjarn er ég, en ég er ófreskja." „Til eru margar manneskjur, sem eru meiri ófreskjur heldur en þér," svaraði hún Fríður, „og ég held meira upp á yður með yðar útliti, heldur en þá, sem undir fríðri manns ásýnd dylja hrekkjafullt, svívirðilegt og óþakklátt hjartaþel." „Ef ég hefði nokkurn skarpleika," svaraði skrímslið, „þá skyldi ég haga nett orðum mínum til að þakka þér,

en ég er heimskingi, og allt hvað ég get sagt þér er að ég er þér skuldbundinn.“

Fríða borðaði með góðri matarlyst. Lítið vantaði á, að hún væri orðin óttalaus fyrir skrímslinu; en hún var nærri liðin niður af hræðslu, þegar það sagði til hennar: „Fríða! viltu verða konan mín?“ hún gat ekki nokkra stund svarað, hún var hrædd um að reita skrímslið til reiði, ef hún neitaði, samt sagði hún titrandi: „nei! skrímsli!“ í því sama augnabragði ætlaði vesælings skrímslið að stynja, en það varð svo ógnarlegt gaul, að undir tók í öllu slotinu. Hún Fríða hughreystist samt fljótt aftur; því eftir að það hafði mjög sorglega sagt: „vertu þá sæl, Fríða!“ fór það út úr salnum og leit endrum og sinnum til baka á meðan það var á ferðinni út. Þegar Fríða sá að hún var alein, fann hún hjá sér mikla meðaumkun til skrímslisins. „Æ, sagði hún, „það fer illa að það er svo ljótt, því það er þó góðhjartað.“ Fríða var hálft misseri í þessu sloti sæmilega róleg. Á hverju kvöldi kom skrímslið til hennar, og talaði við hana meðan hún var að borða, aldrei greindarlaust, en aldrei heldur með því, sem kallaður er skarpleiki í heiminum; á hverjum degi sá hún Fríða ný merki til góðgirndar hjá því, hún var orðin svo vön að sjá það, að hún tók ekki eftir hversu ljótt það var, og svo langt var frá hún kviði fyrir það kæmi, að hún gætti oft að því hvað framorðið væri til að vita hvort ekki væri liðið að náttmálum, því þá var víst að vænta að ófreskjan kæmi. Það var ekki utan einn hlutur, sem gjörði henni Fríðu angur, sem var áður en skrímslið fór burt á hverju kvöldi, spurði það hana að, „hvort hún vildi vera konan sín?“ og sýndist að verða mjög sorgbitið, þegar hún sagði: „nei.“

Einu sinni sagði hún: „þér angrið mig með þessu, skrímsli! ég vildi ég gæti átt yður, en ég er of einlæg til að segja annað enn ég meina; ég held það verði aldrei. Ég skal altíð vera yður vinveitt, og berið yður að láta yður það nægja.“ „Það verður þá svo að vera,“ svaraði skrímslið, „ég þekki mig sjálfur. Ég veit að ég er mikið hryllilegur; en ég elska þig yfir máta, og þess vegna tel ég það lukku mína, að þú vilt vera hjá mér. Lofaðu mér því að þú skulir aldrei skilja við mig.“ Þá Fríða heyrði þetta, roðnaði hún. Hún hafði séð í speglinum sínum, að faðir hennar var sjúkur af hugarangri að hafa misst hana, hún óskaði sér því að mega finna hann. „Ég gæti lofað yður því,“ sagði hún Fríða við skrímslið, „að skilja aldrei til fulls við yður, en mig langar svo til að tala við hann föður minn,

að ég held ég deyi af sorg, ef þér neitið mér um þá ánægju.“ „Ég vil heldur deyja sjálfur,“ sagði ófreskjan, „en gjöra yður á móti. Þó ég láti yður fara til hans föður yðar, þá verðið þér þar kyrr, og yðar vesælings skrímsli deyr þá af sorg.“ „Nei,“ sagði hún Fríða, grátandi: „mér þykir vænna um yður en svo, að ég vilji vera orsök í yðar dauða. Ég lofa yður að koma aftur að átta daga fresti. Þér hafið sýnt mér, að systur mínar eru giftar, og bræður mínir farnir í leiðangur; faðir minn er þess vegna einsamall heima, lofið þér mér þá að vera hjá honum eina viku!“ „Þú skalt koma til hans á morgun í bítið,“ svaraði skrímslið, „en mundu til þess, sem þú hefir lofað mér. Þú þarft ekki annað en láta hringinn þinn á borðið, þegar þú gengur til rekkju, ef þú vilt koma til baka. Vertu sæl, Fríður!“ og skrímslið stundi eins og það var vant, þegar það sagði þessi orð, en hún Fríða fór að hátta, var samt mjög hnuggin af því, að hún sá illa lá á skrímslinu. Þegar hún vaknaði um morguninn, var hún í húsi föður síns, og kallaði, þangað kom ein vinnustúlka, er hljóð-aði, þegar hún sá hana. Þegar sá góði maður heyrði þetta hljóð, hljóp hann til, og ætlaði nærri að deyja af gleði, er hann sá aftur sína kæru dóttur, héldust þau lengi í faðmlögum að heilsa hvort öðru. Eftir þann fyrsta gleðifund hugsaði hún Fríða, að hún hefði engin föt að fara í, en vinnustúlkan sagði henni, að hún hefði rétt núna fundið í næsta kamersi stóra kistu fulla með kvenklæðnað, settan með gulli og gimsteinum. Fríða þakkaði sínu góða skrímsli fyrir þessa umhugasemi: hún tók fatnað, sem minnst var haft við, og sagði vinnustúlkunni, að láta hina niður aftur, því hún ætlaði að gefa þá systrum sínum, en varla var hún búin að úttala þessi orð, fyrr en kistan hvarf. Faðir hennar sagði henni, að skrímslið vildi, að hún héldi öllum þessum klæðnaði sjálf, og strax voru klæðnaður og kista komin aftur á sama stað. Fríða fór þá að klæða sig, en meðan á því stóð voru send boð til systra hennar, hverjar ekki létu lengi eftir sér bíða. Þær voru báðar mikið ólukkulegar: sú eldri hafði eignast dáfríðan mann, en honum þótti svo vænt um sína eigin mynd, að hann frá morgni til kvölds tók sér ei annað fyrir að gjöra, en hugsa um hana, foraktaði aftur á mót fríðleika konu sinnar. Hin önnur átti flugskarpan mann, sem ekki brúkaði skarpleikann til annars, en hæða alla og erta upp, en þó einna mest og helst konu sína. Báðar systur hennar Fríðu voru nærri dauðar af sorg, þegar þær sáu að hún var klædd eins og kóngsdóttir, en fríð og árleg ásýndar. Hversu

blíðar, sem þær sýndu sig við við hana, var öfundin samt stæk hjá þeim, bættist þó mikið á hana þegar hún Fríða var búin að segja þeim frá hversu vel sér hefði liðið. Þær tvær öfundsjúku systur fóru þá út í garð til að gráta, svo enginn sæi, og sögðu hvor við aðra: „því er kvikindið að tarna lukkulegra en við? erum við ekki elskuverðari en hún?“ „systir mín!“ sagði sú eldri, „mér kemur nokkuð í hug: við skulum bera okkur að láta hana vera hér lengur en átta daga, því þá fýkur í heimsku skrímslið hennar, svo það étur hana upp, þegar hún heldur ekki sitt loforð.“ „Það er satt, sem þú segir, systir mín!“ svaraði hin önnur; „við skulum vera úrtöku blíðar við hana,“ og þá þær höfðu bundið þetta fastmælum, fóru þær inn aftur og voru svo vinalegar við hana systur sína, að hún Fríður grét gleðitárum yfir því. Þega átta dagarnir voru á enda, rifu báðar systurnar í hárið á sér, og létust vera svo sorgbitnar yfir hennar burtreisu, að hún lofaði að vera enn þá átta daga hjá þeim.

Miðvikudaginn, 17. desember.

Eftir þetta nagaði Fríða sig mikið í handarbökin fyrir þá sorg, sem hún gjörði sínu vesælings skrímsli, hvert hún elskaði heilhuga og henni leiddist að hún sá það ekki. Tíundu nóttina, sem hún var hjá föður sínum, dreymdi hana, að hún væri í jurtagarðinum hjá slotinu, og sá þar skrímslið liggjandi í grasinu, komið að dauða, og var að brigsla henni um hennar óþakklæti. Fríður hrökk upp í svefninum, og tárfelldi mjög. „Er ég ekki yfrið vond,“ sagði hún „að gjöra skrímslinu svoddan mæðu, sem hefir verið mér svo gott og eftirlátsamt? Það er ekki því að kenna þó það sé ljótt og skarpleikalaust? Það er góðhjartað, hvað ed er betra en allt annað. Því hefi ég ekki viljað eiga það? Ég hefði verið lukkulegri hjá því en systur mínar eru með þeirra mönnum. Hvorki er það skarpleiki né fríðleiki mannsins, sem gjörir hverja eina konu ánægða, heldur er það góðsemd, dyggðir, eftirlátsemi, en skrímslið hefir allt þetta gott til að bera. Ég hefi ekki elsku til þess, en samt hefi ég fyrir því virðingu, vinskap og þakklæti. Ég á ekki að vera valdandi þess ólukku, því svoddan óþakklæti yrði mér sífelldlega fyrir hugskotssjónum alla mína lífstíð.“ Þegar Fríða hafði sagt þetta, reis hún upp, lét hringinn sinn á borðið og lagði sig aftur til svefns. Naumast var hún lögst út af fyrr en hún sofnaði, og þegar hún vaknaði

um morguninn, sá hún með gleði, að hún var í höll skrímslisins. Hún bjó sig þann dag, sem best hún gat til þess að þóknast því og leiddist mikið allan daginn að bíða eftir því að náttmálum, en þá svo var framorðið, kom skrímslið ekki. Fríða var þá orðin hrædd um, að hún hefði verið orsök í þess dauða. Hún hljóp um allt slotið kallandi og æpandi, en fann það hvergi. Eftir að hún hafði alls staðar leitað, kom henni í hug draumurinn, og hljóp í jurtagarðinn til lækjarbakkans, þar sem hún hafði séð skrímslið í drauminum. Þar fann hún það liggjandi tilfinningarlaust, og hugsaði það mundi vera dautt.

Hún kastaði sér ofan yfir kroppinn, og hafði þá engan viðbjóð á þess mynd, en þar eð hún fann að hjartað blaktaði enn þá í því, tók hún vatn úr læknum, og skvetti framan í það. Skrímslið lauk þá augunum upp, og sagði við hana Fríðu: „Þú hefur gleymt þínu loforði, og af hugarvíli að missa þig, var ég búinn að taka fyrir mig að svelta mig í hel, en nú dey ég ánægður, þar ég hefi þá gleði að sjá þig enn nú einu sinni.“ „Nei! mitt elsku skrímsli! þú skalt ekki deyja,“ sagði hún Fríða, „þú skalt lifa til að verða maðurinn minn, nú gef ég þér mína hönd upp á það, og sver að ég aldrei skal eiga neinn annan. Æ! ég hugsaði ég mundi ekki hafa utan vináttu til þín; en nú sýnir mér þessi sorg, sem ég þinna vegna ber, að ég get ekki án þín lifað.“ Varla var hún Fríða búin að úttala þessi orð, fyrr en hún sá að allt slotið var ljósum prýtt, og alls slags hljóðfæri léku, eins og búist væri við stórveislu. Samt festi hún ekki huga sinn við neitt þess háttar, heldur leit strax til síns elskulega skrímslis, hugsjúk um þann háska, sem það var í. En hlessa varð hún, að það var horfið burt, og hún sá hjá sér standandi kóngsson fríðan og fallegan, sem þakkaði henni fyrir, að hún hefði nú látið álögur þær, sem á honum voru, enda taka. Jafnvel þó henni þætti mikið til þessa kóngssonar koma, spurði hún samt hvað orðið væri af skrímslinu. „Ég er sá hinn sami,“ sagði kóngssonurinn. „Illskufull norn hafði lagt á mig, að hafa þessa mynd þangað til einhver fríð stúlka sjálfviljuglega hefði viljað eiga mig, en hún bannaði mér að sýna, að ég hefði nokkurn skarpleika, þess vegna var engin nema þér, sem höfðuð svo mikla geðgæsku að gangast einungis fyrir mínu góðu geðslagi, og til þakklætis fyrir það tilbýð ég yður að setjast að ríkjum með mér.“ Fríðu þótti vænt um þetta; kóngssonurinn og hún fylgdust að heim til hallarinnar, og þar jókst mikið gleði hennar, að

hún fann þar föður sinn, og alla sína ætt, sem sú fríða Frú er henni hafði birst í draumi, hafði flutt þangað. „Fríða!“ sagði þessi Frú, sem var ein mikilsháttar loftgyðja; „tak hér á móti launum fyrir það þú valdir svo vel þinn ektamaka! Þú mast meira dyggð og góðgirni, heldur en fríðleika og skarpleika. Þú forþénar þess vegna að finna allt þetta sameinað hjá einni og sömu manneskju. Þú verður nú mektug Drottning, og ég vona að það háa stand ekki skemmi þínar dyggðir. Hvað ykkur viðvíkur, konukindur!“ sagði Loftgyðjan við báðar eldri systurnar,, „þá þekki ég ykkar hjartalag og alla þá vonsku, sem þar í býr. Verðið þið að tveimur steinstoðum, en þið skuluð halda allri ykkar skynsemi innan í steininum, þið skuluð standa þar sín við hvorn dyrastaf á slotinu hennar Fríðu, og ég legg ekkert á ykkur, nema að horfa þar upp á hennar lukku, og þið skuluð ekki komast aftur í ykkar fyrra stand, fyrr en þið þekkið ykkar bresti. Það hefir skeð, að menn hafa orðið leiðréttir frá stolti, bræði, óhófsemi og leti, en kraftaverk er það, þegar sá, sem er illgjarn og öfundsjúkur, umvendist.“

Loftgyðjan sló sprotanum sínum á gólfið, og flutti alla þá, sem í salnum voru í ríki hins unga kóngs, þegnum hans var mikill fögnuður að sjá hann aftur. Hann giftist Fríðu sinni, lifðu þau bæði lengi og vel í fullkominni farsæld, af því hún var grundvölluð á dyggðinni.

ÚTDRÁTTUR

Franskt ævintýri í íslenskum fötum
Um þýðingu Hannesar Finnssonar biskups á
„La Belle et la Bête“ eftir Madame Leprince de Beaumont

Ævintýrið „La Belle et la Bête“ eða „Fríða og dýrið“, eftir Madame de Villeneuve kom út í París árið 1740. Sagan var stytt og endursögð af Madame Leprince de Beaumont en hún gaf söguna út í London árið 1756 í *Magasin des enfants*, fræðslu- og skemmtiriti sem ætlað var enskum nemendum hennar. Í þeirri gerð varð ævintýrið þekkt víða um lönd enda var bók Beaumonts lengi notuð við frönskukennslu. Þessi fræga saga er eitt þeirra fáu frönsku bókmenntaverka sem þýdd voru á íslensku á 18. öld. Hannes Finnsson, biskup í Skálholti, þýddi söguna og birti, undir heitinu „Skrýmslið góða“, í verki sínu *Kvöldvökurnar 1794*. Í inngangsorðum sínum að *Kvöldvökunum* fjallar Hannes um þýðingarstarfið og áherslur sínar sem þýðandi. Í þessari grein er rýnt í þýðingu Hannesar á þessu fræga ævintýri sem naut mikilla vinsælda hérlendis á 19. öld og þýðingin birt óstytt.

Lykilorð: Hannes Finnsson, Fríða og dýrið, La Belle et la Bête, Madame Leprince de Beaumont, þýðingar

ABSTRACT

A French tale in Icelandic clothes
Hannes Finnsson's translation of Madame
Leprince de Beaumont's "The Beauty and the Beast"

Madame de Villeneuve's "La Belle et la Bête" was published in Paris in 1740. The story was then abridged and rewritten by Madame Leprince de Beaumont and published in 1756 in her *Magasin des enfants*, pedagogical work meant to instruct and amuse her English pupils. In this rewritten form the tale became quite popular and Beaumont's book was used as a French manual for a long time. This famous story is one of the few French literary works that were translated in Icelandic in the 18th century. The bishop of Skálholt, Hannes Finnsson, published the story in Icelandic with the title "Skrýmslið góða" [The Good Monster] in his work *Kvöldvökurnar 1794* and he writes about his ideas on the translation work in his introductory words. In this article his translation is compared with the French original and reproduced unabridged, for the first time since 1797.

Keywords: Hannes Finnsson, The Beauty and the Beast, La Belle et la Bête, Madame Leprince de Beaumont, translation

Ásdís Rósa Magnúsdóttir
Prófessor í frönsku
Mála- og menningardeild
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
Brynjólfsgötu 1
IS-102 Reykjavík, Ísland
asdisrm@hi.is